

1. Almennt

Landeldi ehf. (kt. 650417-1510), Urðarhvarf 8, 203 Kópavogi, hefur rekstrarleyfi (FE-1151) til seiðaeldis á laxi að Öxnalæk í Ölfusi. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfi sínu, þann 18. nóvember 2020 en breytingin felur í sér að bæta við bleikju sem eldistegund.

Seiðastöðin er staðsett á landi með frárennsli í Varmá/Þorleifslæk sem fellur í Ölfusá og rennur til sjávar. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskeri og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður seiðastöðvarinnar er þannig að í öllum kerjum eru ristar til að hindra að fiskur geti komist úr kerunum. Allt frárennsli stöðvarinnar fer í eina frárennislögn og í settank áður en það rennur út í Varmá/Þorleifslæk. Litlar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerjum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem nauðsynleg eru til að Matvælastofnun geti metið hvort skilyrði til breytingar á gildandi rekstrarleyfi skv. 13. Gr. reglugerðar nr. 540/2020 og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 10. nóvember til 8. desember 2022 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér gögn málsins og telur þau lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu rekstrarleyfis til Landeldis ehf. Rekstrarleyfið (FE-1151) heimilar hámarkslífmassa 100 tonn til seiðaframleiðslu á laxi og bleikju að Öxnalæk í Ölfusi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 31. mars 2029. Rekstrarleyfið gildir til 5. október 2036.

Neskaupstaður, 12. desember 2022